



# Framkvæmda- fréttir 15. tbl. /05



Hámarkshraði í þéttbýli er 50 km/klst.



Ökumaður sem ekur hraðar en á 50 km/klst. inn í þéttbýlið þarf að stansa á rauðu ljósi.



Framúrakstur bannaður bæði með yfirborðsmerkingum og skiltum.



Hámarkshraði lækkaður á hættulegum vegarkafila.



**Rögnvaldur Jónsson**  
framkvæmdastjóri  
framkvæmdasviðs  
Vegagerðarinnar skrifar

## Ökuferð um Portúgal

Á ferð minni um Portúgal fyrir nokkru síðan þá tók ég sérstaklega eftir því hvað vegmerkingar eru góðar. Það mátti segja að ekkert í akstrinum kom manni á óvart þar sem merkingar gáfu til kynna hvað var framundan. Vegakerfið í Portúgal hefur breyst mikið á undanförunum árum og eru vegir þar góðir og vel

merktir. Ég tók nokkrar myndir sem lýsa vel því sem ég ætla að fjalla um hér á eftir.

Þegar ég ók í fyrsta sinn í gegnum þéttbýli þá lenti ég á rauðu ljósi. Ég sá engan tilgang með því, engin gatnamót og ekki gangbraut. Þegar ég fór að skoða þetta betur þá sá ég tilganginn. Áður en ekið er inn í þéttbýli eru tvö skilti sem greina frá að eftirlit sé með hraða og einnig eru hraðamörk. Ég hafði sem sé ekið á meiri hraða en 50 km/klst. sem voru hraðamörkin og því fengið á mig rautt ljós. Eftir þetta passaði ég mig að aka á réttum hraða bæði inn og út úr þéttbýli því það sama gildi þegar ekið er út úr þéttbýli. Ég sá að þessi aðferð var mjög árangursrík og ökumenn gættu þess vel að hægja á sér.

Framúrakstur var bannaður bæði með yfirborðsmerkingum og skiltum. Skilti voru báðum megin við veginn þegar  
*framhald á bls. 2*

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 15. tbl. 13. árg. nr. 404 6. júní 2005**

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar**  
**Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ösk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
e-a vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Leiðbeindandi hraði á varasömum vegarkafli.



Hringtorg skreytt með listaverki.

### framhald af forsíðu

framúrakstur var bannaður til að tryggja að ökumaður sem er í framúrakstri sjái skiltið en eingöngu hægra megin þegar banninu er aflétt. Í Portúgal eru yfirborðsmerkingar mjög góðar en það er ekki talið nóg.

Þar sem vegur þolir ekki venjulegan hámarks hraða og hætta er talin mikil þá er hraðinn lækkaður með hraðaskiltum.

Þar sem vegur er varasamur og hann þolir ekki venjulegan hámarks hraða þá er hann merktur með leiðbeinandi hraða.

Portugalir eru mikið fyrir að skreyta hringtorgin sem þeir nota mikið bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Við getum mikið lært af Portúgólum varðandi merkingar og var akstur á vegum þar bæði auðveldur og þægilegur enda merkingarnar bæði auðskildar og leiðandi.

## Auglýsingar útboða

### Snæfellsnesvegur (54) um Grundarfjörð, öryggisaðgerðir 05-030

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbætur (öryggisaðgerðir) á Snæfellsnesvegi (54) um Grundarfjörð.

Helstu magnþölur eru:

Skeringar	400 m <sup>3</sup>
Fyllingar og neðra burðarlag	700 m <sup>3</sup>
Ræsalögn	42 m
Niðurfallsbrunnar og ristar	15 stk.
Efra burðarlag	50 m <sup>3</sup>
Malbik	1.700 m <sup>2</sup>
Eyjar með steinlögðu yfirborði	420 m <sup>2</sup>
Kantsteinar	2.700 m
Færsla ljósastaura	10 stk.
Frágangur fláa og vinnusvæða	1.000 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með 6. júní 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 21. júní 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.





## Öryggisaðgerðir á Grundarfirði

Í þessu blaði er auglýst útboð breytinga á Snæfellsnesvegi (54) um Grundarfjörð á alls um 1.600 m kafla. Markmiðið með þessari framkvæmd er að bæta öryggi gangandi og akandi umferðar í bænum. Hámarkshraði í bænum er nú merktur 35 km/klst. en raunverulegur aksturshraði mælist hærri eða nálægt 50 km/klst. að meðaltali inni í bænum og um 70 km/klst. nær bæjarmörkunum. Vegurinn er hins vegar breiður og hindranalítill svo ökumaðurinn fær ekki tilfinningu fyrir takmörkun á hámarkshraða.

Mikil umferð fer nú í gegnum Grundarfjörð á milli þéttbýlisstaðanna á norðanverðu Snæfellsnesi og fer hún vaxandi vegna betri vegar á leiðinni. Stór hluti umferðar milli Ólafsvíkur og Reykjavíkur fer einnig þessa leið og má ætla að það aukist enn vegna vegabóta á norðanverðu Snæfellsnesi undanfarin ár (Vatnaleið, Hraunsfjörður og Kolgrafafjörður). Nú er þessi leið aðeins 9 km lengri en ef farið er um Fróðárheiði sem fer hæst í 361 m y.s.

Snæfellsnesvegur er einnig megin tengileið innan bæjar-markanna með fjölmörgum þvergötum. Þarna blandast því gegnumumferð sem hefur tilhneigingu til að verða hröð og svo hægari innanbæjarumferð. Árið 1993 var umferð í Grundarfirði talin. Þá kom í ljós að umferð við bæjarmörkin er ekki nema 20% af mestu innanbæjarumferð.

Einnig er mikil umferð gangandi fóks við veginn og yfir hann á fjölmörgum stöðum.

Aðgerðirnar sem nú er ráðist í eiga að hægja á allri umferð á þessu svæði. Ökumaður sem ekur í gegnum bæinn á að fá sterka tilfinningu fyrir því að hann sé að aka um götu í þéttbýli þar sem í gildi eru reglur um hámarkshraða í þéttbýli. Það er gert með því að setja upp umferðareyjar, upphækkaðar gangbrautir og þrengingar. Gangbrautum verður reyndar fækkað aðeins frá því sem verið hefur en þær um leið gerðar öruggari með miðeyju, upphækkunum og merkingum. Við bæjarmörk verða sett upp hlið þar sem hámarkshraði er merktur á áberandi hátt.







## Auglýsingar útboða

### Yfirlagnir á Suðursvæði 2005, malbik 05-025

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með malbiki á Suðursvæði 2005.

Helstu magntölur eru:

Yfirlögn með malbiki ..... 47.595 m<sup>2</sup>  
 Malbik ..... 6.500 tonn

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2005

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með 6. júní 2005. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þann 21. júní 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Arnarnesvegur (411), hringtorg við Fífuhvamsveg og Bæjarbraut 05-032

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í verkið „Arnarnesvegur (411). Hringtorg við Fífuhvamsveg og Bæjarbraut“.

Helstu magntölur eru:

Skeringar í laus jarðlög ..... 10.000 m<sup>3</sup>  
 Fyllingar og burðarlög ..... 20.600 m<sup>3</sup>  
 Malbik ..... 23.000 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 8. október 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 6. júní 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.



Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 21. júní 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



## Nýtt hringtorg á Arnarnesvegi

Í þessu blaði er auglýst útboð á gerð hringtorgs á Arnarnesvegi (411) við Bæjarbraut í Garðabæ. Kemur það í stað tveggja gatnamóta Arnarnesvegjar, við Bæjarbraut annarsvegar og Fífuhvamsvegjar hinsvegar. Einnig verður tenging inn í nýtt hverfi, Akrahverfi, sem nú hefur verið skipulagt austan Hafnarfjarðarvegjar og sunnan Arnarnesvegjar. Sú gata nefnist Akrabraut. Myndin hér í opnunni sýnir þessa fyrirhuguðu framkvæmd.



 <b>VBV Verktæðistofa Bjarna Viðarssonar ehf</b> <small>Síðamala 25, 100 Akri, sími 549 82 00, fex 562 00 00</small>	 <b>VEGAGERÐIN</b>	<b>ARNARNESVEGUR</b> Hringtorg við Fífuhvamsvegur og Bæjarbraut	Vagnlínum <b>411</b>
		YFIRLITSMYND	Tæðningarnúmer <b>1</b>
Tölvutæðning : BV GÞ Harnæð : BV GÞ Deðs : 21.03.2005	Tæðknæð : BV GÞ GED Yfirfærð :	MÆLI-KVARÐAR 1:1000 Yfirf. Semþ.	



## Niðurstöður útboða

### Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005, norðurhluti

05-021

Tilboð opnuð 24. maí 2005. Yfirlagnir með klæðingu á Norðaustursvæði 2005, norðurhluta. Um er að ræða yfirlögn og viðgerðir með klæðingu.

Helstu magnþölur eru:

Yfirlögn	460.000 m <sup>2</sup>
Flutningur steinefnis	6.900 m <sup>3</sup>
Flutningur bindiefnis	820 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. september 2005.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
5 Klæðning ehf.	77.089.490	218,4	47.447
4 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða	36.834.198	104,3	7.192
3 Slitlag ehf.	35.592.298	100,8	5.950
--- Áætlaður verktakakostnaður	35.303.000	100,0	5.661
2 Árni Helgason ehf.	30.926.615	87,6	1.285
1 Malarvinnslan hf.	29.642.022	84,0	0

### Festun og yfirlögn á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2005 – 2006

05-023

Tilboð opnuð 24. maí 2005. Festun vega með froðubiki eða bikþeytu og lögn tvöfaldrar klæðingar á Suðursvæði og Suðvestursvæði á árunum 2005 og 2006. Um er að ræða alls 33,8 km á 17 vegarköflum.

Helstu magnþölur eru:

Festun með froðubiki eða bikþeytu	
Árið 2005	126.000 m <sup>2</sup>
Árið 2006	116.000 m <sup>2</sup>
Tvöföld klæðing	
Árið 2005	126.000 m <sup>2</sup>
Árið 2006	116.000 m <sup>2</sup>

Verklök verkhluta eru 1. september hvort ár.

#### A Froðubik

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
4 Hlaðbær - Colas hf.	155.845.000	118,2	35.034
--- Áætlaður verktakakostnaður	131.900.000	100,0	11.089
3 Arnardalur sf.	126.192.000	95,7	5.381
2 Borgarverk ehf.	123.596.000	93,7	2.785
1 Árni Helgason ehf.	120.811.000	91,6	0

#### B Bikþeyta

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	132.500.000	100,0	23.265
4 Hlaðbær - Colas hf.	131.657.500	99,4	22.423
3 Borgarverk ehf.	124.196.000	93,7	14.961
2 Árni Helgason ehf.	122.301.000	92,3	13.066
1 Arnardalur sf.	109.235.000	82,4	0

### Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2005, malbik

05-002

Tilboð opnuð 24. maí 2005. Yfirlagnir með malbiki eða endurlögn með viðbótarmalbiki (repave) á Suðvestursvæði 2005.

Helstu magnþölur eru:

Yfirlögn með malbiki	33.400 m <sup>2</sup>
Endurlögn með upphitun og viðbótarmalbiki (repave)	40.000 m <sup>2</sup>
Malbik	6.300 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2005.

#### Hluti 1

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
2 Hlaðbær-Colas	41.674.200	101,6	1.856
--- Áætlaður verktakakostnaður	41.009.100	100,0	1.191
1 Loftorka Reykjavík ehf.	39.817.800	97,1	0

#### Hluti 2

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
3 Hlaðbær-Colas	38.385.700	102,6	2.223
2 Loftorka Reykjavík ehf.	37.586.000	100,5	1.423
--- Áætlaður verktakakostnaður	37.395.500	100,0	1.233
1 Malbikunarstöðin Höfði hf.	36.162.530	96,7	0

#### Hluti 3

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
4 Malbikunarstöðin Höfði hf.	21.457.800	104,9	3.451
--- Áætlaður verktakakostnaður	20.450.000	100,0	2.443
3 Hlaðbær-Colas	20.051.750	98,1	2.045
2 Loftorka Reykjavík ehf.	19.879.500	97,2	1.873
1 Malbik og völtun	18.007.000	88,1	0

#### Hluti 4

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
4 Hlaðbær-Colas	5.669.000	106,8	1.100
--- Áætlaður verktakakostnaður	5.308.000	100,0	739
3 Loftorka Reykjavík ehf.	4.818.000	90,8	249
2 Malbikunarstöðin Höfði hf.	4.656.000	87,7	87
1 Malbik og völtun	4.569.000	86,1	0

#### Hluti 5

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
2 Hlaðbær-Colas	105.780.650	101,6	3.679
--- Áætlaður verktakakostnaður	104.163.400	100,0	2.062
1 Loftorka Reykjavík ehf.	102.101.300	98,0	0

## Útnesvegur (574),

### Gröf – Arnarstapi 04-004

Tilboð opnuð 24. maí 2005. Endurlögn Útnesvegur (574) frá Gröf að Arnarstapa. Lengd kafla 6,6 km.

Helstu magnbólur eru:

Skering	46.000 m <sup>3</sup>
þar af bergskering	10.000 m <sup>3</sup>
Ræsalögn	250 m
Fylling	110.100 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	14.250 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	9.500 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	40.000 m <sup>2</sup>
Uppsetning vegriða	240 m

Verki skal að fullu lokið 15. júlí 2006.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
7	Háfell ehf.	135.105.150	116,6	58.133
6	ÍAV	124.298.260	107,2	47.326
---	Áætlaður verktakakostnaður	115.900.000	100,0	38.928
5	Klæðning ehf.	107.685.000	92,9	30.713
4	Garðvélur ehf.	97.156.800	83,8	20.185
3	Fjörður ehf.	90.985.500	78,5	14.014
2	KNH ehf.	81.779.500	70,6	4.808
1	Stafnafell ehf.	76.972.000	66,4	0

## Hvammavegur (853),

### slitlagsendi - virkjun 05-028

Tilboð opnuð 31. maí 2005. Endurbuygging á 3,6 km löngum kafla Hvammavegar og Staðarbrautar í Aðaldal, frá slitlagsenda við Reynistað að Laxárvirkjun.

Helstu magnbólur eru:

Fylling og fláafleygar	13.400 m <sup>3</sup>
Skering í laus jarðlög	4.600 m <sup>3</sup>
Ræsalögn	12 m
Neðra burðarlag	9.600 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	5.550 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	21.600 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	35.900 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. september 2005.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
6	Icefox ehf., Akureyri	21.764.000	108,8	5.780
5	Jarðverk ehf., Þingeyjarsveit	21.695.800	108,5	5.712
4	Fjörður ehf., Skagafirði	20.327.350	101,6	4.343
---	Áætlaður verktakakostnaður	19.997.755	100,0	4.014
3	Reynir B. Ingvarsson ehf., Húsavík	19.545.151	97,7	3.561
2	Ístrukkur ehf., Núpi	17.355.041	86,8	1.371
1	Alverk ehf., Aðaldal	15.984.000	79,9	0

## Hringvegur (1),

### hringtorg við Norðlingavað 04-044

Tilboð opnuð 31. maí 2005. Tilboð í verkið „Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað.“

Helstu magnbólur eru:

Skeringar í laus jarðlög	12.000 m <sup>3</sup>
Fyllingar og burðarlög	16.000 m <sup>3</sup>
Malbik	11.000 m <sup>2</sup>
Tvöföld klæðing	7.000 m <sup>2</sup>
Ein undirgöng úr stálplötum.	

Verki skal að fullu lokið 15. september 2005.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Jarðkraftur ehf., Kópavogi	104.035.800	121,0	26.258
3	Heimir og Þorgeir ehf., Garðabæ	102.431.500	119,1	24.654
2	Háfell ehf., Reykjavík	92.587.920	107,7	14.810
---	Áætlaður verktakakostnaður	86.000.000	100,0	8.222
1	Jarðvélur ehf., Kópavogi	77.777.700	90,4	0

## Ísafjörður, skrifstofa

### – viðbygging og breytingar 05-031

Tilboð opnuð 16. maí 2005. Stækkun og breytingar á skrifstofuhúsnæði Vegagerðarinnar, Dagverðardal, Ísafirði.

Helstu verkþættir eru:

- \* Gröftur, uppfylling, uppsteypa sökkla og plötu, frágangur grunnlagna.
  - \* Uppsteypa og frágangur veggja og þaks.
  - \* Frágangur milliveggja og niðurtekinna lofta, málun inni.
  - \* Lagning vatns-, hita- og raflagna.
  - \* Frágangur innanhúss.
  - \* Stækkun skrifstofuhúsnæðis er um 110 m<sup>2</sup> og 373 m<sup>3</sup>.
- Verkinu skal lokið ekki síðar en 1. mars 2006.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3	Ásel ehf., Ísafirði	25.574.230	112,1	1.752
2	Spýtan ehf., Ísafirði	24.428.546	107,1	607
1	Vestfirskir Verktakar ehf., Ísafirði	23.821.830	104,4	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	22.808.250	100,0	-1.014

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
05-033 Yfirlagnir á Norðvestursvæði, malbik	05
05-019 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti	05
05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur - Dalbraut (færsla Sæbrautar)	05
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	05
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirlit	05
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði	05
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	05
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabotna	05

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
05-032 Arnarnesvegur (411), hringtorg við Fífuhvamsveg og Bæjarbraut	06.06.05	21.06.05
05-030 Snæfellsnesvegur (54), um Grundarfjörð, öryggisaðgerðir	06.06.05	21.06.05
05-025 Yfirlagnir á Suðursvæði, malbik	06.06.05	21.06.05
05-029 Hringvegur (1), við Borgarnes, tenging við Digranesgötu	23.05.05	07.06.05
05-027 Lagfæring axla á Hafnarfjarðarvegi	23.05.05	07.06.05

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
05-010 Yfirlagnir á Suðursvæði 2005-2006, klæðing	17.05.05	31.05.05
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	17.05.05	31.05.05
04-028 Hvammavegur (853), slitlagsendi - virkjun	17.05.05	31.05.05
04-031 Ísafjörður skrifstofa, viðbygging og breytingar	17.05.05	30.05.05
05-023 Festun og yfirlögn á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2005-2006	09.05.05	24.05.05
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	09.05.05	24.05.05
05-002 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2005, malbik	09.05.05	24.05.05
05-021 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005, norðurhluti	09.05.05	24.05.05
05-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði, klæðing	02.05.05	17.05.05
04-071 Auðsholtsvegur (340), Skeiðavegur - Syðra Langholt	02.05.05	17.05.05
05-007 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005, austurhluti	02.05.05	17.05.05
05-009 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði	02.05.05	17.05.05
05-018 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2005-2006, norðurhluti	02.05.05	17.05.05
05-022 Kringlumýrarbraut (40) - Miklabraut (49), breikkun gatnamóta, eftirlit	25.04.05	10.05.05

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
05-017 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti	25.04.05	10.05.05
05-008 Festun og yfirlögn á Norðaustursvæði 2005	25.04.05	10.05.05
05-004 Kringlumýrarbraut (40)- Miklabraut (49), breikkun gatnamóta	18.04.05	03.05.05
05-016 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2005-2006	18.04.05	03.05.05
05-015 Sérmerkingar á Suðvestursvæði 2005	04.04.05	19.04.05

Samningum lokið	Opnað:	Samíð:
05-024 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2005 <i>Fossvélar ehf.</i>	24.05.05	31.05.05

## Niðurstöður útboða

### Efnisvinnsla

#### á Suðursvæði 2005

05-024

Tilboð opnuð 24. maí 2005. Efnisvinnsla í 7 námum á Suðursvæði á árinu 2005

Helstu magntölur eru:

Efni í malarslitlag	13.000 m <sup>3</sup>
Efni í efra burðarlag	2.000 m <sup>3</sup>
Efni í klæðingu	26.000 m <sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2005.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	45.900.000	100,0	10.560
2 Björn og Gylfi vinnuvélar sf.	42.755.000	93,1	7.415
1 Fossvélar ehf.	35.340.000	77,0	0

### Yfirlagnir á Suðursvæði 2005-2006, klæðing

05-010

Tilboð opnuð 31. maí 2005. Yfirlagnir með klæðingu á Suðursvæði á árunum 2005 og 2006. Um er að ræða alls 65 km af yfirlögnum.

Helstu magntölur eru:

Einföld klæðing	
Árið 2005	155.000 m <sup>2</sup>
Árið 2006	250.000 m <sup>2</sup>

Verklök verkhluta eru 1. september hvort ár.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	47.500.000	100,0	23.699
2 Slitlag ehf., Hellu	30.900.000	65,1	7.099
1 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi	23.801.300	50,1	0